

Æfingin skapar meistarann

Æfingatími - endurtekning - minni.

Rannsóknir sýna að samræmi er milli þess tíma sem fer í æfingar og þess árangurs sem næst í námi. - Snillingar eru ekki bara snillingar af guðs náð, þeir sitja lengur við en aðrir og leika á sitt hljóðfæri (röddin er hljóðfæri söngvaranna). Með lengri æfingatíma næst meiri leikni, með endurtekningu lærir líkaminn hreyfingar (alveg eins og í íþróttum).

Nokkrar **vörður** geta hjálpað okkur við að skipuleggja námið.

- **Rauða letrið er ætlað nemandanum :)**

- **Ytri aðstæður.** Jákvætt andrúmsloft - áhugi foreldra - góður stuðningur heima fyrir - góð aðstaða til æfinga.

- **Vertu einbeittur við æfingarnar - ekki láta trufla þig þó eitthvað sé um að vera í kringum þig.**

- **Æfingatíminn.** Finna daglegan æfingatíma sem hentar.

- **Stuttur æfingatími er betri en enginn. - Hver sekúnda gerir þig að betri hljóðfæraleikara.**

- **Lengd æfinga.** Í upphafi 10 - 15 mínútur sem lengjast smám saman í 20 mínútur. Eftir því sem líður á námið lengist æfingatíminn í 30 - 60 - 90 - 120 - ... mínútur.

- **Skipuleggðu æfingatímann áður en þú byrjar - bútaðu hann niður í smærri einingar (t.d. hvaða verkefni er mikilvægast að byrja á, eða hvaða staði þú ætlar að æfa).**

- **Njóttu þess að æfa, en mundu að það er ekki alltaf auðvelt :)**

- **Líkamsstaða.** Til að ná lipurð og leikni er mikilvægt að líkamsstaða sé alltaf rétt - sem eðlilegust og engin auka spennan.

- **Sittu rétt við hljóðfærið / haltu rétt á hljóðfærinu. Það gefur þér möguleika á enn meiri leikni og hraða.**

- **Hvernig er æft.** Byrja hægt og vinna með erfiða staði (ekki byrja alltaf á byrjuninni).

- **Æfðu staði sem eru erfiðir, ekki bara það sem þú kannt.**

- **Æfðu hægt í upphafi - auktu ekki hraðann fyrr en þú ert örugg(ur) á nótunum.**

- **Hlustun.**

Þjálfra eyrun í að hlusta á tón hljóðfærisins - sama hvaða hljóðfæri leikið er á.

- **Hlustaðu á tón hljóðfærisins - geturðu gert hann enn fallegra?**

Öllum tónlistarnemum er mikilvægt að hlusta á fjölbreytta, vel flutta tónlist, kynnast tónbókmenntum síns hljóðfæris og kynnast hljómi hvers tíma

- **Vertu dugleg(ur) að hlusta á vel flutta tónlist, s.s. á tónleikum, geisladiskum eða á netinu.**

- **Formgreining** veitir okkur skilning á uppbyggingu verks - finna t.d. hendingaskil.

Við hendingamót koma öndunarstaðir í lagið (líka hjá píanistum).

- **Kynntu þér uppbyggingu þeirra verka sem þú ert að æfa hverju sinni. Það auðveldar þér að skilja verkið - og að læra það utan bókar.**

- **Að setja sér markmið** er mikilvægt til að ná árangri.

- **Hvaða takmarki ætlar þú að ná í tónlistarnáminu í vetur (námsstigi, leikni, ...)?**

- **Hvað þarftu að æfa mikið til að ná því takmarki?**

Allt hjálpar þetta tónlistarnemanum okkar að ná góðum árangri 😊

- - -